

Móttakandi: Bæjarráð
Varðandi: Garðabær
Nr. erindis: 2302685
Dags.: 21. ágúst 2023
Málefni: Minnisblað – Innritun í leikskóla 2023

Upplýsingar um stöðu innritunar í leikskólum Garðabæjar

Leikskólar í Garðabæ eru 17, 11 reknir af Garðabæ og samningar um sex einkarekna. Leikskólaplássum er úthlutað miðlægt frá fræðslu- og menningarsviði fyrir alla leikskóla. Börn með lögheimili í Garðabæ hafa forgang í leikskólapláss. Í leikskólum er gert ráð fyrir 1339 leikskólaplássum haustið 2023. Hjá dagforeldrum eru 11 börn og 11 börn eru í leikskólum utan Garðabæjar.

Fyrstu úthlutun leikskólaplássa fyrir skólaárið 2023-24 fór fram í febrúar og fengu öll börn fædd árið 2021 úthlutað á leikskólum. Í þeirri úthlutun var leitast við að systkini færu í sama leikskóla. Í annarri úthlutun sem var í mars fengu börn sem fædd eru í janúar til júlí árið 2022 úthlutað leikskólaplássum.

Þriðja úthlutun á leikskólaplássum stendur nú yfir og stefnt er að því að annars vegar fá börn sem fædd eru í ágúst 2022 úthlutað leikskólaplássum og hins vegar sá hópur barna sem bæst hefur við frá annarri úthlutun og fædd eru fyrir í júlí 2022.

Hægst hefur á þessari þriðju úthlutun þar sem ráðningar á starfsfólki við leikskóla ganga ekki eftir sem skyldi. Um miðjan ágúst átti enn eftir að ráða í 23,5 grunnstöðugildi á deildum, 4 deildastjórstöður auk 6,5 stöðugilda sem tilheyra stoðþjónustunni. Auk þess er stöður í afleysingum og sértækum verkefnum en ómannaðar. Vert er að taka fram að daglega er verið er að ganga frá ráðningum í leikskólana þannig að málin fara fram á við.

Þessi staða í ráðningarmálum hefur þau áhrif að foreldrar 14 barna sem þegar hafa fengið leikskólapláss eru ekki komnir með dagsetningu á upphaf aðlögunar. Auk þess er ekki hægt úthluta frekari plássum í þriðju úthlutun fyrr en ráðningar glæðast en um 80 laus pláss eru í leikskólum. Gera má ráð að þegar full mönnun er komin verði auk ofangreindra hópa hægt að bjóða börnum sem fædd í september 2022 leikskólapláss.

Foreldrar í Garðabæ geta sótt um biðlistagreiðslur frá þeim degi sem þau skila inn umsókn um leikskóladvöl og barnið hefur náð eins árs aldri. Þann 15. ágúst voru leikskólaumsóknir barna fædd frá september til desember 2022 alls 59 en yngstu börnin verða eins árs í desember á þessu ári.

Um miðjan ágúst opnaða ný leikskóladeild í Sjólandsskóla og er hún ætluð elsta árganginum (5 ára). Sú deild getur tekið á móti 40 börnum þegar fullt rekstrarleyfi er komið en nú er pláss fyrir 30 börn og þegar eru 27 börn komin á deildina.

Með tilkomu nýs leikskóla í Urriðaholti í byrjun árs 2024 eykst framboð leikskólaplássa í Garðabæ. Þá er áætlað að hægt verði að mæta börnum sem fædd eru seinni hluta árs 2022 og í upphafi árs 2023 og bjóða þeim leikskólavist.

Virðingarfyllst
Linda Udengård
sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs